

Stjórnafundur foreldrafélags með skólaráði 29.mars 2012

Mættir eru frá stjórn foreldrafélags: Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir , Berglind Dagný Steinadóttir, Katrín Laufdal, Friðrika Baldvinsdóttir.

Frá Skólaráði eru mættir: Anna Birna Einarsdóttir, Einar Sölvi Friðbergsson, Pálmi Björn Jakobsson.

1.mál: Anna Birna ræðir breytingar á skóladagatali, að haustfrí kennara yrði með þeim hætti að frí yrði dagana 29.Október – 02.nóvember 2012 v/ endurmenntunar kennara. Litlujól yrðu 20.desember en breyting þar á með þeim hætti að sá dagur væri tvöfaldur dagur og kennt til hádegis. Stjórn foreldrafélags gerir ekki athugasemdir við skóladagatal og samþykkir að það verði sent til fræðslunefndar. Breyting á tillögu skóladagatals verður kynnt fyrir foreldrum/forráðamönnum á fundi sem stjórn foreldrafélags heldur 18.apríl og um leið verður gerð könnun um hug foreldra/ forráðamanna um kennslu í Dimmbilviku og hætta þá fyrir kennslu í Júní og munu þá þeir foreldrar og forráðamenn sem mæta á fundinn geta komið með álit á þessum breytingum. Þegar búið verður að samþykkja nýtt Skóladagatal mun það verða birt á heimasíðu skólans.

2.mál Anna Birna segir frá því að Borgarhólsskóli muni þurfa að auglýsa eftir 4 kennurum og 2 stuðningsfulltrúum fyrir næsta skólaár 2012-2013 þar af vanti 1 kennara í fastráðningu, 2 í afleysingar og 2 sérkennurum.

3 mál. Mötuneytismáli rætt. Anna Birna segir frá því að starfsfólk skólans hafi farið í kröfugöngu frá skóla niður á bæjarskrifstofu til að leggja áherslu á brýna þörf á því að fá mötuneytið inn í skólann. Það mál er í vinnslu og er verið að vinna í að fá tilboð til verksins.

fl ekki rætt og fundi slitið.

Ritari: Berglind D. Steinadóttir.